

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2002

frá 1. febrúar 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2001 frá 11. desember 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/21/EB frá 5. mars 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virku efnunum amítróli, díkvati, pýridati og þíbensólí⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/28/EB frá 20. apríl 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu KBR 2738 (fenhexamíði)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/36/EB frá 16. maí 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/47/EB frá 25. júní 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu *Paecilomyces fumosoroseus* (Apopka-stofn 97, PFR 97 eða CG 170, ATCC20874)⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 69, 10.3.2001, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 113, 24.4.2001, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 164, 20.6.2001, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 175, 28.6.2001, bls. 21.

- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/49/EB frá 28. júní 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu DPX KE 459 (flúpyrsúlfúron-metýl)⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32001 L 0021:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/21/EB frá 5. mars 2001 (Stjtið. EB L 69, 10.3.2001, bls. 17),
- **32001 L 0028:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/28/EB frá 20. apríl 2001 (Stjtið. EB L 113, 24.4.2001, bls. 5),
- **32001 L 0036:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/36/EB frá 16. maí 2001 (Stjtið. EB L 164, 20.6.2001, bls. 1),
- **32001 L 0047:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/47/EB frá 25. júní 2001 (Stjtið. EB L 175, 28.6.2001, bls. 21),
- **32001 L 0049:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/49/EB frá 28. júní 2001 (Stjtið. EB L 176, 29.6.2001, bls. 61).“

2. gr.

Texti tilskipana 2001/21/EB, 2001/28/EB, 2001/36/EB, 2001/47/EB og 2001/49/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. febrúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni^(*).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 176, 29.6.2001, bls. 61.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann